

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

03. október 2016 kl. 8:15

Mættir voru: Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson, húsvörður, Hekla Hannibalsdóttir, skólastjóri, Halldór Sigurjónsson, húsvörður Lovísa Hannesdóttir, kennari, Smári Þorbjörnsson, kennari, Þorvar Hafsteinsson, formaður foreldrafélagsins og Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda mættu ekki á fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Farið var yfir það sem framkvæmt hefur verið af því sem fjallað var um á síðasta fundi, varðandi rakaskemmdir og matarmál. Sýni voru tekin vegna gruns um rakaskemmdir og ekkert kom fram um raka í þeim. Sýni voru send til Akureyrar og kemur í ljós síðar hvað kemur út úr þeirri skoðun.

Þær upplýsingar sem beðið var um að kæmu fram á heimasíðu skólans um ferskleika matarins í skólanum eru komnar þar inn og hljóða svo:

Í eldhúsi Vatnsendaskóla eru matseðlar ekki rúllandi, en gerðir mánaðarlega. Hráefni s.s. kjöt og fiskur kemur alltaf samdægurs og fer beint í matseld. Þar af leiðandi er mjög lítið um að geymslupósefni sé sett í hráefnið en eitthvað getur þó komið forunnið að einhverju leyti og þá eftir okkar óskum. Það er reynt eftir fremsta megni að hafa fjölbreytni að leiðarjosi við gerð matseðla með tilliti til næringargildis og ráðleggingum mannelisráðs.

2. Starfsáætlun

Farið var yfir þau gögn sem bæst höfðu inn í starfsáætlun síðan fundargögn voru send út.

Farið var yfir umbótaáætlun og ekki komu fram neinar athugasemdir.

Rætt var um viðmið um samskipti kennara og foreldra varðandi tölvupóst og símtöl sem unnin voru á vorönn 2016. Spurt var hvort það væru margir foreldrar sem virtu ekki vinnutíma kennara, engin tala er til yfir það. Lagt til að ávarpa beint þá sem fara yfir strikið og eru með kröfur um þjónustu sem ekki er á hendi kennara.

Bent var á að eineltisáætlun og áfallaáætlun hefur verið bætt inn í starfsáætlun.

Engar athugasemdir komu um það.

Farið var yfir þær breytingar sem lokið hefur verið við varðandi skólareglur. Bent var á mikilvægi þess að gefa nemendum hlutdeild í skólareglum.

Starfsáætlun var samþykkt athugasemdalaust.

3. Foreldrafélag

Óskað var eftir að ítrekað yrði við kennara að senda þorvari lista yfir bekkjarfulltrúa.

Það eru aðeins komnar upplýsingar um bekkjarfulltrúa í 1. 6. og 7. bekk. Fram kom að erfiðlega gengur að fá foreldra til að taka þetta hlutverk að sér. Bent var á að mikilvægt væri að leggja þetta upp með jákvæðum hætti.

Stefnt er að því að vera með skólaping á þjóðfundarformi á vorönn 2017, samræða milli kennara, foreldra og nemenda. Þorvar og Bryndís eru tilbúin að vera í undirbúningsteymi og biðja um tvo fulltrúa frá skólanum.

Röltfulltrúar hafa verið skipaðir.

Minnt var á fund SAMKÓP miðvikudaginn 5.10. kl. 19:30 fyrir skólaráðsfulltrúa.

Þorvar hefur samband við nemendafulltrúa ef hann fær upplýsingar um hverjir þeir eru.

Dagskrá foreldrafélagsins er ekki alveg nelgd niður en stefnt er á hrekkjavökuball fyrir 5.-10. bekk, laufabrauðsbakstur, skautadag, fræðslufund fyrir bekkjarfulltrúa, rithöfundar koma og lesa og jólatónleika til að safna fyrir skólakórinn.

4. Önnur mál

Rætt var um byggingarsvæðið og slys sem átti sér stað þar. Fram kom að girðingar eru allar samkvæmt reglum.

Spurt hvort rithöfundar gætu komið á öðrum tíma en rétt fyrir jól, eða hvort heimsóknir þeirra séu kannski bein markaðssetning fyrst og fremst?

Fundi slitið 9:19